

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Alþingi
Erindi nr. P 135/2176
komudagur 14.4.2008

Reykjavík, 11. apríl 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, þskj. 616, 374. mál

Tilv: 2008020029

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 29. febrúar sl.

Bændasamtök Íslands leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu: Að III. kafli falli niður.

Til vara: Að aftan við 1. málslíð 1. mgr. 11. gr. bætist orðin: *og að því er varðar land í landbúnaðarnotum í samráði við Bændasamtök Íslands.*

Málslíðurinn hljóði þá svo: Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga og, *og að því er varðar land í landbúnaðarnotum, í samráði við Bændasamtök Íslands.*

Greinargerð:

1. Bændasamtök Íslands leggja gegn því að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert frá því sem nú er og færtil ríkisins í þeim mæli sem ætlunin er skv. III. kafla frumvarpsins.
2. Bændasamtökin eru sammála því að Samvinnunefnd miðhálandisins verði lögð niður með því að nema úr lögum 12. gr. a nógildandi skipulagslaga. Eftir tilkomu þjóðlendna er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að skipulagsvald viðkomandi sveitarfélags á svokölluðu miðhálandi sé hið sama og í öðrum hlutum sveitarfélagsins. Bændasamtökin vilja taka undir það sem segir í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga í kafla 2 b um skipulag miðhálandis, sérstaklega þessi ummæli: "Telur sambandið til dæmis alls ekki sjálfgefið að ríkið eigi að hafa meiri áhrif á skipulagsákvæðanir á miðhálandinu en annars staðar á landinu."
3. Á búnaðarþingi 2. - 7. mars 2008 var samþykkt svohljóðandi ályktun, sem eðli málsins samkvæmt tengist ákvæðum frumvarpsins um landsskipulag, ef að lögum verður, og staðfestir þann eindregna ásetning bænda að bafa hér eftir sem hingað til frumkvæði og úrslitaáhrif um landvernd og skynsamlega landnýtingu, enda er meginhluti gróðurlendis á Íslandi í bændaeign og/eða nýtt af þeim og verður svo enn um fyrirsjáanlega framtíð:

Búnaðarþing 2008 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp sem fái það hlutverk að finna leiðir til þess að tryggja varðveislu góðs rækarlands til framtíðar.

Í starfshópnum verði fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtaka Íslands. Starfshópurinn skili skýrslu fyrir 15. janúar 2009.

Bændasamtökunum hafa m. a. borist afrit af umsögnum Landssamtaka landeigenda á Íslandi og Samtaka eigenda sjávarjarða um frumvarpið. Vakin er sérstök athygli á þessum umsögnum og vísað til þeirra. Að öðru leyti verða ekki að svo stöddu gerðar frekari athugasemdir, hvorki við handverkið á frumvarpinu né einstök efnisákvæði.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal